

Hvammstanga, 15.8.2019

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,
Skúlagötu 4,
101 Reykjavík.

Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum nr. 41/205 um ívilnanir til nýfjárfestingar.

Á samráðsgátt stjórnvalda er óskað eftir umsögnum um áform um breytingar á lögum nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestinga. Með fyrirhuguðum breytingum er verið að bregðast við athugasemdum frá ESA og Ríkisendurskoðun.

Stjórn SSNV vill leggja áherslu á að við breytingarnar verði ekki gengið of langt í að takmarka möguleika til ívilnana á landsbyggðinni þó vissulega verði að fara að þeim tilmælum sem fram hafa komið varðandi röskun samkeppni. Ákvæði núgildandi laga um að undanþágur frá ákvæðum þar um megi veita á grundvelli byggðaaðstoðar eru að mati stjórnar mikilvæg fyrir þær byggðir sem eiga undir högg að sækja og hafa haft takmarkaða möguleika til atvinnuuppbyggingar.

Í samantekt um áform til breytingar á lögum um ívilnanir til nýfjárfestinga kemur einnig fram að til standi að setja inn í lögina ákvæði um að þær ívilnanir sem veittar verða í framtíðinni samræmist stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Stjórn SSNV vill benda á að á tímum sífellt hraðari þróunar og fjórðu iðnbyltingarinnar geta komið fram tækifæri sem ekki eru í sjónmáli í dag en verða sjálfsgöð í framtíðinni. Mikilvægt er að fyrrgreint ákvæði um stefnu stjórnvalda verði ekki takmarkandi þáttur í ívilnunum til fjárfestinga í greinum sem ekki eru í sjónmáli í dag þó öll tækifæri verði að sjálfsgöðu að samræmast umhverfissjónarmiðum, vinnulöggjöf og öðru er varðar almannahagsmuni.

Á Norðurlandi vestra hefur um árabíl verið unnið að því að laða fjárfestingar til landshlutans með það fyrir augum að fjölga störfum og íbúum á svæðinu. Stjórn SSNV treystir því að fyrirhuguð lagasetning takmarki ekki mögulegan stuðning stjórnvalda við slík verkefni þegar ákjósanleg tækifæri gefast.

Stjórn SSNV áskilur sér rétt til að setja fram athugasemdir við málið á seinni stigum.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.